

**211. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
20. september 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2009134 - Deiliskipulag Hausthús

Kynning á fyrirhuguðu deiliskipulagi við Hausthúsatorg.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Oddi Víðissyni arkitekt, Ívari Erni Þrastarsyni frá Festi og Hinriki Erni Bjarnarsyni frá N1, fyrir góða kynningu.

Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

2. 2108030 - Umhverfisviðurkenningar 2021

Helena Guttormsdóttir situr fundinn undir þessum lið og fer yfir tillögur frá íbúum að umhverfisviðurkenningum.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Helenu góða kynningu og felur henni að vinna málið áfram.

Helena vísar af fundi.

3. 2109010 - Jaðarsbakkar - uppbygging mhl.13

Tilboð var opnað í verkið "Íþróttamiðstöð á Jaðarsbökkum - jarðvinna" (mhl. 13).

Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss tekur sæti á fundinum.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf. kr. 45.831.500

Skóflan hf kr. 62.450.000

Þróttur ehf. kr. 81.979.050

Kostnaðaráætlun kr. 61.152.000

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.

4. 2109159 - Jaðarsbakkar 1 - sundlaugarsvæði

Tilboð í gufu.

Tilboð barst frá Sauna SPA í gufu, að upphæð kr. 11.392.766

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir samþykkir fyrirbyggjandi tilboð og felur

Alfreð Þór Alfreðssyni rekstrarstjóri áhaldahúss og Herði Kára Jóhannessyni að vinna málið áfram.

5. 2109149 - Teigasel-húsnæðismál

Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum vegna viðhalds.

Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahússins fór yfir fyrirhugað viðhald á Teigaseli, sem felst í að endurnýja blautrými.

Alfreð vék af fundi eftir þennan fundarlið.

6. 2106126 - Deiliskipulag 1. áfangi Skógarhverfi - breyting Beykiskógar 19

Grenndarkynnt var breyting á deiliskipulagi, sem fólst í að bæta einni hæð ofan á Beykiskóga 19. Grenndarkynningu lauk 15. september 2021. Tvær athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa að gera greinargerð vegna athugasemda.

7. 2106193 - Suðurgata 50a- Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um að breyta iðnaðarhúsi í tvær íbúðir og setja rishæð samkvæmt uppdráttum. Erindið var grenndarkynnt fyrir næstu nágrönnum frá 18. ágúst til 15. september 2021. Ein sameiginleg athugasemd barst frá þremur húsum.

Skipulags- og umhverfissráð felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa að gera greinargerð vegna athugasemda.

8. 2109006 - Baugalundur 24 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn Runólfs Þ. Sigurðsson fyrir hönd lóðarhafa Baugalundar 24, um undanþágu á breytingu á deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

9. 2107057 - Kirkjugarður - gangstígur og malbikun bílastæðis

Erindi frá Akraneskirkju um göngustíg.

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið og felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa að ræða við bréfitara.

10. 2107046 - Garðalundur - áskorun vegna viðhalds og minnisvarða

Erindi vísað til skipulags- og umhverfissráðs frá bæjarráð til frekari úrvinnslu.

Bréf lagt fram.

11. 2105126 - Umferðaröryggi 2021

Umferðaöryggi í Skógarhverfi.

Jón Brynjólfur Ólafsson verkefnastjóri kom inn á fundinn á Teams og fór yfir tillögur um umferðaröryggi í Skógahverfi. Skipulags- og umhverfissráð felur Jóni að vinna málið áfram.

12. 2108192 - Deiliskipulag Skógarhverfis 4. áfangi - óveruleg breyting

Breytingin felur í að spennistöð er bætt inn á deiliskipulagsuppdrátt.

Norðurmörkum deiliskipulagsins er breytt á skipulagsmörkum milli Skógarhverfis 4. áfanga og 5. áfanga Skógarhverfis.

Breytingin hefur verið grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.